



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

Aðalfundur Markaðsstofu Suðurlands var haldinn í fjarfundi vegna samkomutakmarkana, fimmtudaginn 15. október 2020 kl. 13:00.

Setning aðalfundar

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, bauð fundargesti velkomna og lagði fyrir fundinn að Laufey Guðmundsdóttir yrði fundarstjóri. Það var samþykkt af fundinum.

Ársreikningur Markaðsstofu Suðurlands 2019

Björg Árnadóttir, formaður stjórnar, kynnir helstu atriði ársreiknings Markaðsstofu Suðurlands fyrir árið 2019. Á árinu 2019 var fjöldi aðildarféлага svipaður og árið áður og eru öll sveitarfélög samstarfsaðilar. Rekstur á síðastliðnu ári kom út með 3.694.982 kr. tapi. Ræðst það af auknum rekstrarkostnaði og þá helst í mikilli fjárfestingu í markaðsefni á árinu sem og tekjur og gjöld vegna sérverkefna sem falla á milli ára. Engar spurningar komu fram við ársreikning.

Yfirlit ársins 2019 og áherslur 2020

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri MSS, fór yfir verkefni ársins 2019. Framkvæmdastjóri kynnti almennt starf MSS og helstu verkefni síðastliðins árs, meðal þeirra voru t.d. samstarf við ýmsa aðila, vörumerkjahandbók og nýtt merki, kynningarefni, helstu lykiltölur um vefinn, blaðamannaferðir, sýningar og viðburðir. Þá kynnti framkvæmdastjóri helstu verkefni 2020 og má m.a. nefna Áfangastaðaáætlun, uppfærsla og verkefni tengd henni s.s. Vitaleiðin, handbækur um göngu- og hjólaleiðir, fræðsla og ímynd ferðapjónustunnar og Matarauður Suðurlands, en undirbúningur og/eða upphaf þessara verkefna var á árinu 2019. Sóknarfæri ferðapjónustunnar var nýtt átaksverkefni sem farið var í með SASS í vor til stuðnings landshlutanum og fyrirtækjum vegna Covid-19. Unnið var með Upplifðu Suðurland á samfélagsmiðlum og í kynningu á Suðurlandi og fór Markaðsstofan í samstarfi með Vert markaðsstofu við markaðsherferð sumarsins. Kynntar voru helstu lykiltölur markaðsherferðar. Önnur verkefni voru m.a. mynda- og textabanki, Upplifðu.is og kynnt stuttlega könnun meðal ferðapjónustufyrirtækja á Suðurlandi. Þá var farið yfir það helsta sem er framundan í starfseminni.

[Hér er hægt að skoða kynningu framkvæmdastjóra.](#)

Kosning/skipun nýrrar stjórnar MSS 2020- 2021

Fyrir aðalfund ársins 2020 bárust tvö framboð og voru frambjóðendur, þær Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir og Ragnhildur Ágústsdóttir, því sjálfkjörnir.

Nýja stjórn skipa:

Björg Árnadóttir – Visit South Iceland ehf
Ágúst Elvarsson – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Eva Björk Harðardóttir – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Grétar Ingi Erlendsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands
Ragnhildur Ágústsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Varamenn:

Katrín Sigurðardóttir – Visit South Iceland ehf
Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir – Ferðamálafélag Austur Skaftafellssýslu
Ása Valdís Árnadóttir - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Helgi Kjartansson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Geir Gígja – Ferðamálasamtök Suðurlands
Halla Rós Arnarsdóttir – Ferðamálasamtök Suðurlands

Ólafur Páll Vignisson og Kristín Jóhannsdóttir aðalmenn og Sindri Ragnarsson varamaður eru að láta af störfum í stjórn markaðsstofunnar og þökkum við þeim kærlega fyrir samstarfið.

Formleg stjórnarskipti fara svo fram á fyrsta fundi nýrrar stjórnar þar sem hún skiptir með sér verkum.

[Tilnefning skoðunarmanna ársreiknings](#)**Skoðunarmenn reikninga**

Aðalmenn:
Kristófer A. Tómasson
Laufey Sif Lárusdóttir

Varamenn
Eydís Þ. Indriðadóttir
Pétur Viðar Kristjánsson

[Önnur mál](#)

Fram komu nokkrar fyrirspurnir frá fundargestum í lok fundar.
Umræða skapaðist t.d. um 90 daga regluna, stöðu lítilla fyrirtækja á tímum Covid og vefinn.

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Formaður stjórnar þakkar fyrir góðan fund, þakkar starfsfólki og fráfarandi stjórnarmeðlimum og slítur fundi.

Fundi slitið kl. 14:20